

Viljayfirlýsing

um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun og undirbúningi að byggingu
nýs Landspítala

Heilbrigðisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar og undirritaðir lífeyrissjóðir lýsa yfir vilja til samstarfs við undirbúning að byggingu nýs Landspítala. Yfirlýsingin sýnir fram á stuðning við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðugleika.

Undirritaðir lífeyrissjóðir lýsa því yfir að þeir eru reiðubúnir til að koma að fjármögnun sem felur fyrst og fremst í sér hönnun og framkvæmd við nýbyggingar og langtímafjármögnun. Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun verkefnisins er háð því að arðsemi og áhætta verði ásættanleg. Aðilar eru sammála um að kanna hvort og með hvaða hætti lífeyrissjóðir geti komið að fjármögnun verkefnisins.

Verkefni Landspítala verða umfangsmikil og af hæstu gæðum á sviði sjúkrahúsjónustu, rannsókna og menntunar. Markmið verkefnisins er að byggingarnar bjóði upp á aðlaðandi og öruggt sjúkrahús- og vinnuumhverfi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsmenn. Umhverfi sjúklinga skal endurspeglar umhyggju, traust og gæði. Sameining Landspítala við Hringbraut í nýju húsnæði mun að mati stjórnvalda skila 6% lækkun rekstrarkostnaðar spítalans.

1. Forsendur og skilgreining verkefnis

Stöðugleikasáttmáli ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins var undirritaður 25. júní 2009. Markmið sáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í sáttmálanum er kveðið á um að ríkisstjórnin muni ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um fjármögnun stórra framkvæmda og að viðræðum þeirra á milli verði fundinn farvegur. Jafnframt var kveðið á um að aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útilokaði ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra. Frá undirritun sáttmálans hafa farið fram viðræður um möguleg verkefni, tímasetningar og væntanleg efnahagsleg áhrif slíkra verkefna.

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 25. september 2009 var ákveðið að hefja undirbúning að byggingu nýs Landspítala. Skipaður hefur verið vinnuhópur til að undirbúa verkefnið. Markmið verkefnisins er hagræðing í rekstri Landspítalans ásamt bættri þjónustu. Í ljósi umfangs og stærðar framkvæmdarinnar verða jákvæð efnahagsleg áhrif með nýjum störfum sem skapast við hönnun og verklegar framkvæmdir.



Aukin skuldsetning ríkisins vegna verklegra framkvæmda er ekki möguleg vegna byrða í kjölfar efnahagshrunsins. Forsenda er því af hálfu ríkisstjórnarinnar að samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum muni aukið hagræði í starfsemi spítalans vega á móti kostnaði vegna langtímasamnings um byggingu og umsjón fasteigna Landspítalans.

Nýr Landspítali verður samstarfsverkefni ríkisins, lífeyrissjóða og verktaka undir vinnulagi einkaframkvæmdar. Verkefnið felst í hönnun og framkvæmdum við nýbyggingar, hluta af rekstri þeirra og fjármögnun til langs tíma. Hefðbundinn rekstur Landspítalans er nánast að fullu á forræði ríkisins og verður ekki hluti af verkefninu.

Aðilar eru sammála um að fyrirkomulag fjármögnunar af hálfu lífeyrissjóðanna verði hluti af undirbúningi verkefnisins en einnig er gert ráð fyrir að hluti þess verði fjármagnaður með sölu fasteigna Landspítalans. Fjárhæð utanaðkomandi fjármögnunar markast því að hluta til af söluandvirði eigna.

2. Yfirlýsing um áhuga á þátttöku í fjármögnun

Undirritaðir lífeyrissjóðir lýsa því yfir að þeir hafa áhuga á að koma að fjármögnun á verkefni um nýjan Landspítala sem felur fyrst og fremst í sér hönnun og framkvæmd við nýbyggingar, hluta af rekstri þeirra og fjármögnun. Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun verkefnisins er háð því að arðsemi og áhætta verði ásættanleg. Aðilar eru sammála um að kanna ítarlega hvort og með hvaða hætti lífeyrissjóðir geti komið að fjármögnun verkefnisins.

 3 

3. Fyrirkomulag fjármögnunar

Gert er ráð fyrir að verktaki framkvæmdarinnar beri einkum áhættu af verklegum framkvæmdum og skuldbindingar ríkisins markist af fyrirfram tilgreindum viðmiðunum í tilboði. Af þessu leiðir að í stórum dráttum gæti þurft að skipta fjármögnun verkefnisins í þrennt; í fyrsta lagi hönnun og undirbúning, í öðru lagi fjármögnun á framkvæmdatíma og í þriðja lagi langtímafjármögnun.

Til lengri tíma mun fyrst og fremst verða litið til aðkomu ríkisins að verkefninu með tilliti til endurgreiðsluferils lána og kjara. Eðli starfseminnar er þannig að greiðslustreymi til að standa undir lánagreiðslum kemur frá ríkinu. Það styður þessa ályktun að stefnt er að því að eignarhald á byggingum færast að lokum til ríkisins.

Samstarf við lífeyrissjóði um uppbyggingu og langtímarekstrarsamning kallar á að samskipti aðila á hverjum tíma séu skýr. Vegna aðildar lífeyrissjóðanna að mótun verkefnisins koma þeir annars vegar að stefnumótun af hálfu ríkisins í verkefnisstjórn og hins vegar að fjármögnun og e.t.v. eignarhaldi á fasteignafélagi sem mun gera samning við verkkaupa um verkefnið. Vegna fyrirkomulags útboðs verður aðkoman þó að vera án allra skuldbindinga af hálfu beggja aðila áður en samningur um verkið kemst á.

Lífeyrissjóðirnir telja æskilegt að samhliða verði aðrir fjármögnunarmöguleikar verkefnisins kannaðir og hugað að þátttöku annarra fjárfesta. Þá telja þeir afar mikilvægt að fá til samstarfs fagaðila á sviði verklegra framkvæmda og fasteignausýslu.

4. Samráðsvettvangur


Gert er ráð fyrir að formlegur samráðsvettvangur við lífeyrissjóðina verði í verkefnisstjórn eða í sérstöku félagi um verkefnið. Með samráði er ætlunin að sjónarmið hugsanlegra fjármögnunaraðila skili sér í útboðslýsingu og auki þannig líkur á þátttöku þeirra í fjármögnun verkefnisins. Lífeyrissjóðirnir munu tilnefna tvo fulltrúa af sinni hálfu til samráðs við verkefnisstjórnina. Þessir fulltrúar munu upplýsa lífeyrissjóðina sem eru aðilar að þessari viljayfirlýsingu um framgang verksins.

Þegar útboði á framkvæmdum er lokið er gert ráð fyrir þeim möguleika að lífeyrissjóðir komi að fjármögnun og/eða eignarhaldi á fasteignafélagi sem gerir samning um verkefnið. Rétt er að taka fram að félögin geta orðið fleiri en eitt.

Lífeyrissjóðirnir munu þannig gera samning við fasteignafélagið um fjármögnun. Fasteignafélaginu er síðan tryggt fjárstreymi frá ríkinu (verkkaupa) með samningi sem ráðuneytið gerir við fasteignafélagið.

5. Tímarammi

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari hafa komið sér saman um eftirfarandi útlínur að tímaramma, kostnaðarmati og mannaflaþörf verkefnisins:



6. Gildistími og endurskoðun yfirlýsingar

Yfirlýsing þessi gildir til 1. júlí 2011. Hafi aðilar undirritað formlegt samkomulag um fjármögnun frákvæmdanna fyrir þann tíma fellur yfirlýsing þessi úr gildi.

Áður en yfirlýsingin fellur úr gildi skulu aðilar kanna hvort tilefni sé til að endurskoða yfirlýsinguna eða eftir atvikum framlengja hana.

7. Breytingar og viðbætur

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við yfirlýsingu þessa skulu vera skriflegar og undirritaðar af öllum aðilum.

5

8. Almenn atriði

Aðilar eru sammála um að endanleg ákvörðun um verkefnið og fjármögnun þess sé háð því að samkomulag náist um fjölmörg atriði í uppbyggingu verkefnisins, arðsemi þess og fyrirkomulag á fjármögnun.


Viljayfirlýsing þessi er gerð í tveimur frumeintökum, eitt fyrir heilbrigðisráðuneytið og annað fyrir lífeyrissjóðina.


Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir yfirlýsingu þessa í votta viðurvist.

Reykjavík, 4. nóvember 2009

F.h. heilbrigðisráðuneytis,



Álfheiður Inga dóttir,
heilbrigðisráðherra



Jóhanna Sigurðardóttir,
forsætisráðherra


Steingrímur J. Sigfússon,
fjármálaráðherra


Björn Zoëga, forstjóri Landspítala

F.h. lífeyrissjóða,


Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins



Lífeyrissjóður verzlunarmanna



Sameinaði lífeyrissjóðurinn


Almenni lífeyrissjóðurinn



Stapi lífeyrissjóður


Staffir lífeyrissjóður


Íslenski lífeyrissjóðurinn



Frjálsi lífeyrissjóðurinn



Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda



Lífeyrissjóður Vestfirðinga


Festa lífeyrissjóður


Lífeyrissjóður Vestmannaeyja


Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar



Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga


Lífeyrissjóður bankamanna


Eftirlaunasjóður FÍA


Lífeyrissjóður verkfræðinga


Lífeyrissjóður Rangæinga


Lífeyrissjóður starfsmanna
Kópavogskaupstaðar